



Mat á áhrifum námskeiðsins „SOS! Hjálp fyrir foreldra” á færni einstæðra mæðra í hegðunarstjórnun

Harpa Óskarsdóttir

**Lokaverkefni til BS-gráðu
Háskóli Íslands
Heilbrigðisvísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Mat á áhrifum námskeiðsins „SOS! Hjálp fyrir foreldra” á færni einstæðra mæðra í hegðunarstjórnun

Harpa Óskarsdóttir

Lokaverkefni til BS-gráðu í sálfræði
Leiðbeinandi: Zuilma Gabriela Sigurðardóttir

Sálfræðideild
Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2010

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BS gráðu í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Harpa Óskarsdóttir 2010

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland 2010

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
Foreldrafræðsla um hegðunarstjórn.....	6
Innihald foreldrafræðslu um hegðunarstjórn	6
Mat á foreldrafræðslu um hegðunarstjórn	8
Aðkoma foreldra.....	9
Foreldrafræðsla fyrir foreldra sem eru undir eftirliti barnavernda.....	9
Fræðslunámskeið fyrir foreldra á Íslandi.....	10
Foreldraþjálfun (parent management training - PMT)	10
„SOS! - Hjálp fyrir foreldra”	11
Mat á áhrifum námskeiðsins „SOS – Hjálp fyrir foreldra” á Íslandi.....	13
Aðferð.....	15
Þátttakendur	15
Mælitæki	16
Aðstæður.....	16
Rannsóknarsnið.....	16
Framkvæmd	17
Áreiðanleikamælingar	18
Niðurstöður.....	19
Umræða.....	31
Heimildir.....	36
Viðaukar.....	39

Foreldrar hafa úr miklu að velja þegar kemur að fræðslu um uppeldi. Ótal handbækur eru til um börn og barnauppeldi, á internetinu er hægt að nálgast margskonar upplýsingar og leiðbeiningar og svo er boðið upp á foreldranámskeið sem eiga að styrkja foreldra í uppeldinu og kenna þeim nýjar leiðir. Námskeiðið „SOS! – Hjálp fyrir foreldra“ er foreldrafræðsla þar sem foreldrum er kennd hegðunarstjórnun eins og að styrkja æskilega hegðun og að hunsa eða refsa fyrir óæskilega og andfélagslega hegðun. Foreldrum er einnig kennt að veita árangursrík fyrirmæli. Það er mikilvægt að foreldrar nýti það sem þeir læra í fræðslunni heimavið. Hér var athugað hvort einstæðar mæður sem eru undir eftirliti barnaverndar noti færnina sem þær lærðu um á fræðslunámskeiðinu „SOS! – Hjálp fyrir foreldra“ í samskiptum við börnin sín inni á heimilum sínum. Athugunin fór fram með beinu áhorfi inni á heimilum þátttakenda sem voru þrjár einstæðar mæður undir eftirliti hjá Barnavernd Reykjavíkur. Samskipti þeirra við börnin voru skráð niður áður en námskeið hófst, á meðan námskeiðið stóð yfir og eftir að því lauk. Niðurstöður gefa til kynna að mæðurnar tileinkuðu sér að mestu það sem kennt var á námskeiðinu, en áhrifin héldust þó misvel eftir að námskeiði lauk.

Foreldrafræðsla um hegðunarstjórn

Þrátt fyrir marga áhrifavalda þá hefur kenning B. F. Skinner um virka skilyrðingu lagt til megnið af kenningarlegri undirstöðu foreldrafræðslu um hegðunarstjórn (Kazdin, 1997). Kenningin um virka skilyrðingu er orðin að einu áhrifamesta og umdeildasta sjónarhorni í nútíma sálfræði (Dymond og Critchfield, 2002). Í virkri skilyrðingu felst að hegðun sé aðallega undir áhrifum afleiðinga sinna í samspili hegðunar og umhverfis. Hegðunin eykst eða minnkar vegna þeirra afleiðinga sem koma fram í kjölfar hennar (Kazdin, 2005). Rannsóknir á virkri skilyrðingu hófust með dýratilraunum inni á rannsóknarstofum en færðust svo yfir á vettvang fólks (Dymond og Critchfield, 2002). Athuganir færðust úr rannsóknastofunum og snemma á sjöunda áratug síðustu aldar var farið að kljást við ýmis vandamál hversdagslífsins til dæmis í skólafólki, á geðdeildum og í skólum fyrir fólk með þroskahömlun (O'Dell, 1974). Á áttunda áratugnum voru rannsóknir á áhrifum virkrar skilyrðingar á virka hegðun manna orðnar algengar (Dymond og Critchfield, 2002). Virk hegðun er sú hegðun sem er framkvæmd hversdagslega, eins og til dæmis að tala, ganga og brosa. Það er hægt að auka eða minnka virka hegðun með virkri skilyrðingu. Ef styrkir, það eru hagstæðar afleiðingar, fylgir strax á eftir hegðun þá eykst hegðunin (Kazdin, 2005). Lögmál virkrar skilyrðingar hafa verið aðlöguð að því sem gerist inni á heimilum til að takast á við venjulega hegðun barna, auka æskilega hegðun þeirra og minnka óæskilega og andfélagslega hegðun (Kazdin, 2005).

Innihald foreldrafræðslu um hegðunarstjórn

Í foreldrafræðslu er mikilvægt að einblína ekki á óæskilega og andfélagslega hegðun barns heldur hafa það að aðalmarkmiði að auka æskilega hegðun (Matthews og Hudson, 2001). Það er siðferðislega óviðeigandi að kenna foreldrum aðferðir sem fela í sér notkun ótta til að stjórna hegðun barna þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós óæskileg langtímaáhrif þess að vera ógnað endurtekið (Matthews og Hudson, 2001), Foreldrafræðsla sem kennir hegðunarstjórn kennir oft svipaða hluti á mismunandi hátt. Til dæmis er kennt hvernig eigi að gefa árangursrík fyrirmæli, hvernig hægt er að styrkja jákvæða hegðun og hvernig best sé að haga mildum refsingum við árásarhegðun barna.

Það er hægt að bæta hlýðni barna með því að kenna foreldrum að gefa fyrirmæli á vissan hátt (Sottolano o.fl., 1988). Hlýðni eykst þegar foreldrar nota bein fyrirmæli í stað þess að orða þau sem spurningu eða beðni (Shriver og Allen, 1997). Foreldrum er kennt

að gefa fyrirmæli í samræmi við aldur barna og á rólegan hátt í stað þess að öskra eða ógna barninu til dæmis með hótunum (Sanders, 1999). Foreldrum er kennt að gefa börnunum að minnsta kosti fimm til tíu sekúntur til að hlýða fyrirmælum svo börnin hafi tækifæri til að gera það sem þau voru beðin um (Hupp, Reitman, Forde, Shriver og Lou Kelley, 2008).

Í foreldrafræðslu er foreldrunum kennt að nota jákvæða styrkingu á þá hegðun sem þeir vilja auka. Jákvæð styrking virkar best ef hún er veitt markvisst, oft og strax eftir að hegðun hefur átt sér stað (Kazdin, 1997). Jákvæð styrking getur til dæmis verið í formi hróss, athygli, notkun svipbrigða og veiting efnislegra hluta eða fríðinda. Það getur verið misjafnt eftir menningarheimum hvað hentar best, í sumum menningarheimum er hrós til dæmis talið vera dekur (Pearl, 2009).

Rannsóknir sýna ýtrekað að það er ekki nóg að kenna foreldrum einungis að veita jákvæða styrkingu (Wells, 1997). Á meðan mikilvægar jákvæðar breytingar eiga sér stað við notkun sumra þessara jákvæðu nálgana þurfa foreldrar einnig að læra áhrifaríkar leiðir til að setja mörk til að ná tókum á erfiðri hegðun, til dæmis með því að nota mildar refsingar (Wells, 1997), það er að segja leiðir til að bæta hegðun. Foreldrar hafa mismunandi álit á því hvernig eigi að aga börn. Þeir eiga það til að nota svipaðar aðferðir og voru notaðar á þá sjálfa í æsku (Chen og Kaplan, 2001). Ef rangar aðferðir eru notaðar við að setja mörk getur það styrkt óæskilegu eða andfélagslegu hegðunina, það er því mikilvægt að kenna foreldrum að beita vægum hegningum á réttan hátt. Í foreldrafræðslu er reynt að kenna foreldrum áhrifaríkar aðferðir til að stjórna hegðun í stað þess að nota harkalegar og ómarkvissar aðferðir í þeim tilgangi að losna við óæskilega eða andfélagslega hegðun (Hupp, o.fl. 2008). Að setja barnið í hlé er áhrifaríkt og er sú aðferð nánast alltaf kennd í foreldrafræðslu um hegðunarstjórn (Pearl, 2009). Skoðanir fólks á beitingu refsinga eru mjög mismunandi og geta einnig verið mismunandi eftir menningu. Sumum foreldrum þykir hlé of væg refsing. Öðrum þykir ferlið í kringum hlé of mikið vesen þegar skjótari aðferðir virka að þeirra mati betur, til dæmis ef foreldrar sjá barnið sitt hlýða strax eftir að það er rasskellt þá gætu þeir kosið að nota rasskellingu fremur en hlé. Enn öðrum foreldrum gæti þótt hlé of harkaleg aðferð (Pearl, 2009), til dæmis ef barnið mótmælir og grætur í fyrsta skipti sem það er notað.

Mat á foreldrafræðslu um hegðunarstjórn

Foreldrafræðsla um lögmál hegðunar er sú sem mest hefur verið rannsökuð til árangurs og sýnir hún betri árangur en aðrar tegundir foreldrafræðslu (Bunting, 2004). Niðurstöður athugunar Bunting (2004) á mismunandi nálgunum við þjálfun og kennslu fyrir foreldra gefa til kynna margvísleg jákvæð áhrif. Meðal annars bætt hegðun barna, aukið sjálfstraust móður, bætt samband milli móður og barns, og minni streita og þunglyndi hjá móður. Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að þessar jákvæðu niðurstöður haldist um tíma (Bunting, 2004). Aldur foreldra virðist ekki skipta máli, áhrifin virðast vera greinileg hjá öllum aldurshópum (Lundahl, Risser og Lovejoy, 2006). Það er stuðningur við langtímaáhrif foreldrafræðslu um hegðunarstjórn en áhrifin minnka eftir því sem tíminn líður (Lundahl, o.fl. 2006).

Mat á innihaldi foreldrafræðslu um hegðunarstjórn fer fram út frá kenningum og reynslugögnum sem fræðslan eða þjálfunin byggir á ásamt því að skoða hvað þátttakendur hafa að segja um það sem kennt er. Rannsóknir þurfa að liggja fyrir um árangur og skilvirkni þeirrar nálgunar sem byggt er á (Matthews og Hudson, 2001). Til að aðferð teljist áhrifarík verður hún að alhæfast á milli aðstæðna. Foreldrar þurfa að geta notað þær aðferðir sem þeir læra í foreldrafræðslu í eðlilegu umhverfi heima hjá sér. Nokkrar leiðir eru til sem meta hvort alhæfing eigi sér stað. Það er til dæmis hægt að spyrja foreldrana með því að nota spurningalista. En gæði spurningalista eru takmörkuð þar sem að þeir byggja á upprifjun og svörunarskekkjur gætu haft áhrif (Hupp, o.fl. 2008). Önnur leið til að komast að því hvort alhæfing eigi sér stað er að nota beint áhorf. Þá eru samskipti og hegðun foreldra og barna mæld inni á heimilum þeirra eftir að fræðsla hefur átt sér stað. Niðurstöður athugana sem byggja annars vegar á svörum foreldra á spurningalistum og hins vegar á beinum mælingum eru oft ekki í samræmi, en foreldrar koma oft betur út samkvæmt svörum sínum á spurningalistum en þegar notaðar eru beinar mælingar inni á heimilum þeirra (Forehand og Atkeson, 1977).

Mat á framkvæmd námskeiðs á einna helst við þegar aðferðir sem gefist hafa vel í tilraunaaðstæðum eru yfirfærðar á raunverulegar aðstæður þar sem þær eru notaðar við kennslu fyrir foreldra. Þá er mikilvægt að leiðbeinendur hugi að meðferðartryggð og beri frammistöðu sína saman við nákvæmar lýsingar á innihaldi og aðferðum námskeiðs svo að námskeiðið sé að bjóða upp á það sem upphaflega var ætlað (Matthews og Hudson, 2001). Það virðist vera áhrifaríkara að nota hópkenndu heldur en einstaklingskenndu. Þegar foreldrar sem fengu fræðslu í hópkenndu voru prófaðir eftir

á komu þeir betur út varðandi þekkingu á notkun lögmála hegðunar á hegðun barna en foreldrar sem fengu einstaklingskennslu. En allir foreldrarnir, bæði þeir sem fengu hópkenndu og einstaklingskennslu sögðu að tíðni markhegðunar hefði minnkað (Pevsner, 1982). Foreldrar sem eru ekki fjárhagslega vel staddir virðast þó hagnast betur af einstaklingsþjálfun, en foreldrafræðsla virðist skila minnstum árangri hjá efnaminni fjölskyldum (Pevsner, 1982).

Aðkoma foreldra

Það að hve miklu leyti þátttakendur taka þátt í ferlinu og tileinka sér þær aðferðir sem eru kenndar hefur áhrif á ávinning þeirra af fræðslunni. Leiðbeinandi námskeiðsins ætti því að fylgjast með mætingu foreldra og hvort þeir hafi lokið við verkefni sem sett voru fyrir (Matthews og Hudson, 2001). Það að foreldrar hafi trú á aðferðinni skiptir miklu máli þar sem foreldrar æfa sig fyrst og fremst heima (Matthews og Hudson, 2001). En óháð því hvaða væntingar foreldrar hafa til meðferðarinnar getur til dæmis streita foreldra og menningarlegur bakgrunnur haft áhrif á það hve mikið foreldrið leggur sig fram við að læra tæknina (Pearl, 2009). Ánægja þátttakenda með aðferðirnar sem voru kenndar og kennsluáferðina sem beitt var skiptir miklu máli. Ef þátttakendur eru ánægðir eykur það líkurnar á að þeir nýti sér þekkingu sem þeir hafa tileinkað sér úr fræðslunni og nái þannig árangri í beitingu tækninnar. Það ætti því að spyrja foreldrana um skoðun þeirra á þeim aðferðum sem kenndar eru eftir að þeir hafa lokið námskeiði eða þjálfun (Matthews og Hudson, 2001).

Foreldrafræðsla fyrir foreldra sem eru undir eftirliti barnavernda

Þrátt fyrir víðtæka notkun foreldrafræðslu þá hefur lítið verið athugað með áhrif fræðslunnar á foreldra sem eru undir eftirliti barnavernda. Casanueva, Martin, Runyan, Barth og Bradley (2008) athuguðu áhrif foreldrafræðslu á hegðun mæðra sem voru undir eftirliti félagsþjónustunnar í Bandaríkjunum og áttu börn á aldrinum tveggja ára til fimm ára. Mæður sem fengu fræðsluna mældust aðeins betur eftir á, en það var ekki marktækur munur á milli þeirra og samanburðarhópsins sem samanstóð einnig af mæðrum undir eftirliti.

Þrátt fyrir að flestar rannsóknir á áhrifum foreldrafræðslu einnar og sér á foreldra sem eru undir eftirliti barnavernda sýni fram á lítil áhrif ef einhver þá eru sumar rannsóknir sem komast að annari niðurstöðu. Chaffin o.fl. (2004) komust að því að foreldrafræðsla hafði áhrif á foreldra sem voru undir eftirliti barnaverndar. Neikvæð samskipti minnkuðu og foreldrarnir voru sjaldnar tilkynntir aftur til barnaverndarinnar en foreldrar í samanburðarhóp.

Fræðslunámskeið fyrir foreldra á Íslandi

Hérlendis eru nokkur fræðslunámskeið sem standa foreldrum til boða og hér verður fjallað um tvö þeirra, foreldraþjálfun (*PMT*) og „SOS – Hjálp fyrir foreldra”.

Foreldraþjálfun (parent management training - PMT)

Foreldraþjálfun er foreldrafræðsla í meðferðarformi sem byggir á félagsmótunarkenningu Gerald Pattersons. Meðferðin var þróuð af Gerald Patterson og hún byggir á mörgum lögmálum hegðunarstjórnunar en aðaláherslan er á lögmál jákvæðrar styrkingar (Kazdin, 2005). Hegðun barns er breytt að mestu leyti í gegnum foreldrana þar sem áhrif foreldra á börn eru vel þekkt (Nixon, 2002). Almennt eru það aðeins foreldrarnir sem taka þátt í meðferðinni en ekki börnin sjálf. Foreldrunum eru kennd lögmál styrkingar og læra að bera kennsl á vísbendi og afleiðingar gjörða sinna og barnanna sem viðhalda hegðuninni (Nixon, 2002). Í upphafi meðferðar er lagt nákvæmt mat á hegðun barnanna og uppeldisaðferðir foreldranna en það hjálpar til við að skipuleggja meðferðina og að fylgjast með áhrifum hennar (Hupp, o.fl. 2008). Þjálfun foreldranna fer fram í gegnum hlutverkaleiki og ýmiskonar æfingar (Kazdin, 2005). Meðferðin er að einhverju leyti sniðin að þörfum hverrar fjölskyldu en allar fjölskyldur fara í gegnum sama mat og fá svipaða meðhöndlun. Áhrif foreldraþjálfunar hafa verið mikið rannsökuð á börnum á aldrinum tveggja ára til 17 ára (Kazdin, 1997). Rannsóknir hafa sýnt að þessi meðferð sé ein sú árangursríkasta sem völ er á fyrir börn sem greinast með hegðunarröskun, þar sem þriðjungur til tveir þriðji hluti barna sýna yfirleitt klínískt marktækar framfarir (Kroenberger og Meyer, 2001). Eftirfylgdarrannsóknir á foreldraþjálfun hafa leitt í ljós að áhrifin haldast í eitt til tvö ár eftir lok meðferðar (Kazdin, 2005).

„SOS! - Hjálp fyrir foreldra“

„SOS! - Hjálp fyrir foreldra“ er foreldrafræðslunámskeið sem kennir hegðunarstjórn. Námskeiðið er ætlað foreldrum og öðrum sem sjá um börn á aldrinum tveggja ára til 12 ára. Grundvallarlögmál hegðunar eru kennd ásamt aðferðum til að bæta hegðun barna. Það er gengið út frá því að öll hegðun sé áunnin og að hægt sé að breyta hegðun með einföldum aðferðum (Clark, 1991/2007).

Á námskeiðinu er kennd hegðunarstjórnun með því að benda foreldrum á þrjár uppeldisreglur og fjögur algeng mistök sem ber að varast.

Reglurnar eru: Regla eitt, umbunaðu fyrir æskilega hegðun og gerðu það fljótt og oft. Regla tvö, umbunaðu ekki óvart fyrir óæskilega og andfélagslega hegðun og regla þrjú, refsðu mildilega fyrir óæskilega og andfélagslega hegðun. Grundvallarforsendur virkrar skilyrðingar eru settar fram í þessum þremur reglum (Clark, 1991/2007). Ef styrkir fylgir hegðun eykur það líkurnar á að hegðunin eigi sér aftur stað, það á bæði við um æskilega hegðun og óæskilega eða andfélagslega hegðun. Því er foreldrunum bent á að umbuna fyrir þá hegðun sem telst æskileg en að varast að umbuna fyrir hegðun sem telst óæskileg eða andfélagsleg því tíðni hegðunarinnar getur aukist ef henni fylgir styrkir. Styrkjar fyrir hegðun geta verið margvíslegir. Á námskeiðinu er foreldrum til dæmis kennt að auka æskilega hegðun með því að nota lýsandi hrós, að veita barninu athygli og að veita efnislega umbun sem er eitthvað sem barninu þykir eftirsóknarvert. Foreldrum eru einnig kenndar aðferðir til að forðast að umbuna óæskilega eða andfélagslega hegðun. Ein þeirra er að beita virkri hunsun, en þá fær barnið enga athygli á meðan hegðunin stendur yfir en er svo veitt full athygli þegar óæskilegu hegðuninni er lokið. Þá er til dæmis barn í frekjukasti alveg látið eiga sig á meðan kastið stendur yfir, ekki er talað við barnið, engin sviprigði sýnd og ekkert augnsamband á sér stað. Þetta er áhrifaríkt þar sem að athygli foreldra er mjög áhrifamikill styrkir fyrir hegðun barna (Clark, 1991/2007). Auk þess að passa að umbuna ekki fyrir óæskilega hegðun eru kenndar vægar hegningaraðferðir. Þá er vísað til þess lögmáls að ef afleiðing hegðunar er óhagstæð þá er ólíklegra að hegðunin eigi sér stað aftur og minnkar því tíðni hennar. Hægt er að nota eðlilegar afleiðingar en þá lærir barnið sjálft af reynslunni með því að reka sig á. Dæmi um aðrar aðferðir sem foreldrum er kennt að nota eru rökréttar afleiðingar, eins og að taka hjól af barni tímabundið hafi það hjólað út á götu og væg viðurlög þar sem hægt er að svipta barnið fríðindum í smá tíma (Clark, 1991/2007). Síðast en ekki síst er foreldrum kennt að beita hléi við andfélagslegri hegðun, þá er barn

fjarlæggt úr aðstæðum í kjölfar hegðunar í eina mínútu fyrir hvert aldursár. Barnið er sett á stað þar sem ekkert sem styrkir eða viðheldur hegðuninni er til staðar og það fær enga athygli á meðan hléið stendur yfir. Þessar afleiðingar eru óhagstæðar fyrir barnið og því dregur úr hegðuninni. Það er einnig hægt að setja leikfang í hlé en sú aðferð hentar vel ef fleiri en eitt barn eiga í hlut (Clark, 1991/2007), til dæmis ef systkini eru að rífast um sama leikfangið þá er leikfangið tekið afsíðis og engin fær að leika sér með það. Það þarf að passa að fylgja reglunum markvisst til að breyting á hegðun barnsins eigi sér stað. Það hefur verið sýnt fram á að það að fylgja reglunum hefur í för með sér mikið af jákvæðum hegðunarbreytingum (Clark, 1991/2007).

Mistökin sem foreldrum er kennt að forðast eru: Mistök eitt, að umbuna ekki fyrir æskilega hegðun. Mistök tvö, að refsa óvart fyrir æskilega hegðun. Mistök þrjú, að umbuna óvart fyrir andfélagslega eða óæskilega hegðun, og mistök fjögur, að refsa ekki fyrir óæskilega eða andfélagslega hegðun þegar notast mætti við væga hegningu (Clark, 1991/2007). Ef ekki er umbunað fyrir æskilega hegðun eða refsað fyrir hana minnka líkurnar á að hegðunin endurtaki sig og að tíðni hennar aukist. Til dæmis ef barn tekur til heima hjá sér og fær enga athygli eða hrós fyrir eða að foreldrið segir bara að það sé ekki nógu vel gert minnka líkurnar á að barnið endurtaki tiltektina. Það að umbuna óvart fyrir óæskilega eða andfélagslega hegðun eru líklega algengustu mistök foreldra (Clark, 1991/2007). Með því að umbuna er verið að viðhalda hegðuninni og auka líkurnar á að hún eigi sér stað aftur. Til dæmis ef barnið tekur frekjukast í búðinni og foreldrið kaupir sælgæti og gefur barninu til að stöðva kastið þá aukast líkurnar á að hegðunin verði endurtekin þar sem afleiðingarnar voru hagstæðar fyrir barnið. Ef ekki er refsað fyrir óæskilega eða andfélagslega hegðun getur barnið talið að hegðunin sé í lagi þar sem engar neikvæðar afleiðingar fylgdu henni (Clark, 1991/2007). Til dæmis ef barn slær systkini sitt og nær þar með leikfangi af því, og foreldrar verða vitni að því en aðhafast ekkert, þá aukast líkurnar á að barnið framkvæmi hegðunina aftur. Líkurnar aukast þar sem hegðunin hafði engar slæmar afleiðingar fyrir barnið heldur veitti í raun umbun því barnið fékk leikfangið sem það vildi. Það að veita ekki væga refsingu þegar við á getur því leitt til þess að barnið læri ekki hvað sé félagslega viðeigandi og hvað ekki. Þó það þurfi stundum að hegna fyrir óæskilega eða andfélagslega hegðun þá er mikilvægt að nota aðeins vægar refsingar því harkalegar aðferðir geta haft slæmar langtímaafleiðingar. Ef barnið er beitt líkamlegri refsingu eða er niðurlægt kennir það einnig barninu að stjórna öðrum með árásargirni (Clark, 1991/2007).

Á námskeiðinu er foreldrum kennt að veita áhrifarík fyrirmæli til að fá barn til að sýna ákveðna hegðun eða að fá barn til að láta af slæmri hegðun. Þegar fyrirmæli eru gefin á að vera nálægt barninu, vera alvarlegur á svipin, horfa beint í augun á barninu, tala með ákveðnu fasi, segja nafn þess og gefa síðan skýr, bein fyrirmæli með ákveðni röddu. Fyrirmælin þurfa að vera einföld og skýr til að barnið skilji hvað beðið er um. Skýr fyrirmæli felast í því að segja barninu til hvers er ætlast af því, hvenær og hvernig. Það á ekki að segja barninu hvað það á ekki að gera, að nota spurningu, hótanir eða nota óljós fyrirmæli (Clark, 1991/2007).

Aðrar aðferðir sem eru kenndar á námskeiðinu eru til dæmis notkun hvatningarkerfa, „ömmureglan“ og gerð hegðunarsamninga (Clark, 1991/2007).

Námskeiðið stendur yfir í sex vikur. Kennslustundir eru einu sinni í viku og er hver þeirra tvær og hálf klukkustund. Þátttakendur eru yfirleitt 12 til 15 talsins og er ætlast til þess að þeir taki virkan þátt. Kennslan fer fram með fyrirlestrum, verkefnavinnu, myndbandsáhorfi og umræðum. Þátttakendur geta spurt um atriði sem hafa komið upp í beitingu aðferða og foreldrar ræða saman og deila reynslu sinni af aðferðunum. Þátttakendur fá bókina „SOS – Hjálp fyrir foreldra“ til eignar og ýmsar samantektir á helstu efnisatriðum námskeiðsins á ljósriti.

Mat á áhrifum námskeiðsins „SOS – Hjálp fyrir foreldra“ á Íslandi

Niðurstöður rannsókna á áhrifum námskeiðsins héraendis hafa verið jákvæðar.

Hildur Jóna Bergþórsdóttir (2004), Bjarki Þór Baldvinsson (2005) og Hrund Guðmundsdóttir (2008) skoðuðu mun á meðaltalsframmistöðu hjá þátttakendum námskeiðsins, Hildur á árunum 2001 til 2003, Bjarki á árunum 2003 til 2004 og Hrund á árunum 2003 til 2007. Þau skoðuðu svör þátttakenda á spurningalistum sem eru lagðir fyrir í upphafi námskeiðs (TOPI A) og báru þau saman við svör á spurningalistum sem lagðir voru fyrir í lok námskeiðs (TOPI B). Þátttakendur gátu fengið núll til tvö stig fyrir hverja spurningu og heildarstigagjöf fyrir hvorn spurningarlista spannar núll til 24 stig. Niðurstöður sýndu að meðaltalsskor hækkaði um um það bil 10 stig á milli TOPI A og TOPI B sem bendir til þess að þátttakendur hafi lært undirstöðuatriði námskeiðsins. Það er athyglisvert að vegið meðaltalsskor á TOPI A hafði farið hækkandi á árunum 2001 til 2007, það var um 8 stig árið 2001 og rúmlega 11,5 stig árið 2007. Þátttakendur á námskeiðinu virðast því hafa meiri þekkingu á hegðunarstjórn við upphaf námskeiðsins sem gæti bent til þess að þekking á lögmálunum sé að aukast á meðal almennings (Bjarki

Þór Baldvinsson, 2005; Hildur Jóna Bergþórsdóttir, 2004; og Hrund Guðmundsdóttir, 2008).

Í Reykjanesbæ er öllum foreldrum tveggja ára barna boðið á „SOS – Hjálp fyrir foreldra“ námskeið. Foreldrum barna með hegðunarraskanir og starfsfólki uppeldisstofnanna er einnig boðið að fara á námskeiðið. Tilvísunum til fræðsluskrifstofu Reykjaness vegna hegðunarörðugleika hefur fækkað eftir að þátttaka á námskeiðinu varð almennari sem gæti verið vísbending um forvarnargildi námskeiðsins (Gylfi Jón Gylfason, 2005). Almenn ánægja er með námskeiðið og aðferðirnar sem kenndar eru og leikskólastjórar telja að starfsmenn sem farið hafa á námskeiðið hrósi börnunum markvissara og meira en starfsmenn sem hafa ekki setið námskeiðið. Þeir telja einnig að starfsmenn noti þá tækni sem kennd er til að taka á óæskilegri og andfélagslegri hegðun og að tækninni sé beitt rétt og á meðvitaðan hátt (Gylfi Jón Gylfason, 2005). Sigurður Þorsteinn Þorsteinsson (2006) athugaði hvort starfsfólk yfirfærði aðferðirnar sem kenndar eru á námskeiðinu „SOS!- Hjálp fyrir foreldra“ á vinnuaðstæður. Hann notaði beint áhorf og fylgdist með leikskólakennurum úr tveimur leikskólum í Reykjanesbæ sem höfðu farið á námskeiðið og bar frammistöðu þeirra saman við frammistöðu leikskólakennara sem höfðu ekki setið námskeiðið og störfuðu á öðrum leikskóla. Niðurstöður bentu til þess að kennarar sem höfðu setið námskeiðið notuðu oftast þær aðferðir sem áhersla er lögð á í námskeiðinu en samanburðarhópurinn. Hann bar einnig saman starfsmenn sem höfðu sótt námskeiðið og störfuðu annars vegar á leikskóla sem var rekin eftir Hjallastefnunni og hins vegar á almennum leikskóla. Niðurstöður gáfu til kynna að starfsmenn Hjallastefnuleikskólans notuðu frekar aðferðirnar sem voru kenndar á námskeiðinu en starfsmenn almenna leikskólans. Yfirfærsla náms átti sér stað hjá starfsmönnum Hjallastefnuleikskólans en ekki hjá starfsmönnum almenna leikskólans þar sem þeir notuðu réttar aðferðir ekki nógu oft til að hægt væri að álykta að yfirfærsla náms hafi átt sér stað (Sigurður Þorsteinn Þorsteinsson 2006).

Álfheiður Guðmundsdóttir (2005) kannaði hvort foreldrar væru í raun að nota aðferðirnar sem kenndar eru á námskeiðinu heima hjá sér og hvort það bæri árangur. Til að meta hvort þátttaka á námskeiðinu hefði haft áhrif inni á heimilinu notaðist hún við beint áhorf. Hún komst að því að þátttaka á námskeiðinu hafði áhrif á hegðun þátttakendanna. Allir foreldrarnir, sem voru þrenn hjón, umbunuðu oftast fyrir jákvæða hegðun og drógu úr umbun fyrir óæskilega hegðun. Foreldrarnir notuðu nánast einungis rétt fyrirmæli eftir að hafa setið námskeiðið (Álfheiður Guðmundsdóttir, 2005). Kolbrún

Ása Ríkharðsdóttir (2006) gerði eftirfylgdarrannsókn ári síðar og komst að þeirri niðurstöðu að námskeiðið skili langtímaáhrifum þó það dragi aðeins úr færni. Beiting þeirra aðferða sem kenndar eru á námskeiðinu var ekki eins markviss og strax eftir að námskeiði lauk en var ennþá markvissari en áður en námskeiðið hófst. Notkun réttra fyrirmæla hélst vel og var hlutfallslega svipuð og strax eftir að námskeiði lauk (Kolbrún Ása Ríkharðsdóttir, 2006).

Gylfi Jón Gylfason o.fl. (2009) athuguðu með beinu áhorfi hvort fjölskyldur sem voru undir eftirliti barnaverndar tileinkuðu sér aðferðirnar sem kenndar voru á námskeiðinu inni á heimilum sínum. Foreldrarnir fengu aðstoð einkakennara sem kom inn á heimilið og leiðbeindi þeim út frá efni námskeiðins. Niðurstöður benda til þess að foreldrarnir tileinkuðu sér aðferðirnar sem kenndar eru þar sem réttum viðbrögðum við hegðun barnanna fjölgaði hjá öllum foreldrum eftir að íhlutun hófst. Eftirfylgnimælingar sem fóru fram þrem mánuðum eftir að námskeiði lauk gefa til kynna að áhrifin haldist (Gylfi Jón Gylfason, o.fl. 2009).

Sumir foreldrar virðast því yfirfæra það sem þeir læra á námskeiðinu á hversdagslíf heimilisins. En þau gögn sem liggja fyrir um námskeiðið segja þó ekki til um hvort einstæðar mæður undir eftirliti barnaverndar noti aðferðirnar sem kenndar eru á námskeiðinu inni á heimilum sínum. Markmið þessarar rannsóknar er að athuga með beinu áhorfi hvort þátttaka á námskeiðinu „SOS! – Hjálp fyrir foreldra“ hafi áhrif á hegðun einstæðra mæðra sem eru undir eftirliti barnaverndar. Athugað verður hvort þær tileinki sér þær reglur sem kenndar eru og hvort þær læri að forðast mistökin sem bent er á á námskeiðinu. Einnig verður athugað hvort þær auki notkun á réttum fyrirmælum og hvort þær sýni hegðun oftari athygli í kjölfar námskeiðsins.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru valdir af hentugleika. Þeir voru þrjár einstæðar mæður sem voru undir eftirliti hjá Barnavernd Reykjavíkur. Fjölskylda 1 er móðir sem á þrjú börn á aldrinum þriggja til fimm ára. Fjölskylda 2 er móðir sem á eitt tveggja ára barn. Fjölskylda 3 er móðir sem á tvö börn, fjöggra ára og tólf ára.

Mælitæki

Skráningarblað var útbúið út frá markmiðum námskeiðsins (sjá viðauka 1). Hegðun barns var skráð sem æskileg eða óæskileg, andfélagsleg hegðun var skráð sem óæskileg hegðun og ekki aðgreind sérstaklega. Viðbrögð móður við hegðun barnsins var skráð, þau voru flokkuð í engin viðbrögð, umbun, óviðeigandi hunsun, virk hunsun, væg hegning og hlé (sjá viðauka 2). Einnig var skráð hvort fyrirmæli sem móðir gaf börnunum væru rétt eða röng samkvæmt viðmiðum námskeiðsins. Hver mæling tók alls 15 mínútur sem var skipt í 30 bil, hálf mínúta hvert. Innan hvers bils var tíðni skráð með því að draga hring utan um viðeigandi hegðun og viðbrögð í fyrsta sinn sem þau áttu sér stað innan bilsins, ef sama hegðun eða viðbragð átti sér aftur stað innan sama bils voru gerðar litlar línur upp úr hringnum eins oft og þurfti í hvert skipti. Fjöldi tækifæra var því reiknaður út innan hvers bils.

Aðstæður

Mælingar fóru fram á heimili herrar fjölskyldu. Þær áttu sér stað á milli fjögur síðdegis og níu á kvöldin þar sem bæði mæður og börn voru heimavið á þeim tíma. Fylgst var með fjölskyldunum hvað sem þær voru að aðhafast í það skiptið, hvort sem það var kaffitími, kvöldmatur, leikur eða tiltekt. Rannsakandi kom sér þannig fyrir að hann hefði sem minnst truflandi áhrif á samskipti fjölskyldunnar en heyrði þó og sá allt sem var að gerast. Ef fjölskyldan færði sig til í íbúðinni fylgdi rannsakandi henni eftir.

Rannsóknarsnið

Notað var A-B-A innan einstaklingssnið. Notaður var eiginsamanburður, hegðun móður í grunnlínu var borin saman við hegðun hennar sjálfrar á meðan námskeið stóð yfir og eftir að námskeiði lauk. Frumbreytan var þátttaka á námskeiðinu “SOS! Hjálp fyrir foreldra”. Fylgibreytan var viðbrögð mæðra við hegðun barna sinna út frá því sem kennt er á námskeiðinu og hvort þær gáfu rétt fyrirmæli samkvæmt því sem kennt er á námskeiðinu. Grunnlínúmælingar (A) voru fjórar talsins hjá hverri fjölskyldu, þær voru teknar yfir viku tímabil áður en námskeiðið hófst. Námskeiðið stóð yfir 5 vikna tímabil og á meðan það stóð yfir voru sex inngripsmælingar (B) teknar hjá hverri fjölskyldu. Seinni grunnlínúmælingar (A) voru fjórar talsins hjá hverri fjölskyldu, þær voru teknar tveim til þrem vikum eftir að námskeiði lauk.

Reynt var að hafa stjórn á tilraunaaðstæðum með því að reyna að minnka líkurnar á að hegðun barnanna yrði fyrir áhrifum af því að fylgst væri með þeim. Áður en rannsókn hófst voru mæðurnar beðnar að segja ekki börnunum að fylgst yrði með hegðun þeirra. Mæðurnar vissu að fylgst var með hegðun barnanna en var sagt eftir að mælingum lauk að einnig var fylgst með viðbrögðum þeirra og fyrirmælum. Rannsakandi fór einnig í heimsókn á heimilin áður en mælingar hófust til að venja börnin við viðveru sína til að minnka líkurnar á breyttri hegðun vegna áhorfsins.

Framkvæmd

Haft var samband við einstæðar mæður sem voru undir eftirliti hjá Barnavernd Reykjavíkur. Þeim var boðið á námskeiðið gjaldfrítt og einnig að taka þátt í rannsókn sem tengdist lokaverkefni sálfræðinema við Háksóla Íslands. Þær gátu þegið boðið á námskeiðið án þess að taka þátt í rannsókninni. Fimm mæður samþykktu að taka þátt, ein hætti við vegna óvissu um húsnæði áður en mælingar hófust og ein mætti aldrei á námskeiðið og var mælingum því hætt. Áður en mælingar hófust var farið í heimsókn til mæðranna og þeim gerð grein fyrir því að þátttaka í rannsókninni fæli í sér mælingar inni á heimili þeirra í alls 14 skipti. Einnig að það yrðu ein til tvær heimsóknir áður en mælingar hæfust til að venja börnin við viðveru rannsakanda. Það var útskýrt fyrir mæðrunum að rannskandinn væri ekki á staðnum til að sinna börnunum og að hann myndi ekki eiga nein samskipti á meðan mæling stæði yfir. Mæðrunum var tilkynnt að rannskandinn gæfi færi á því að svara spurningum og leiðbeina varðandi efni námskeiðsins eftir bestu getu eftir hverja mælingu. Þátttakendur skrifuðu svo undir upplýst samþykki (sjá viðauka 3) og var gerð grein fyrir því að þeir gætu hætt við þátttöku hvenær sem er. Í fyrstu heimsókninni var gróflega ákveðið hvenar hver mæling ætti að eiga sér stað. Nákvæmar tímasettningar næstu mælinga voru svo ákveðnar í samráði við þátttakendur eftir hverja heimsókn. Hver heimsókn stóð yfir í um hálf tíma. Það var beðið með að hefja mælingar í um það bil tíu mínútur til að nærvera rannsakanda væri ekki eins ofarlega í huga barnanna. Hver mæling tók svo 15 mínútur. Á meðan mæling stóð yfir var rannsakandi með skráningarblaðið á harðspjaldi svo hann gæti staðið við skráninguna og verið færanlegur. Hann hafði i-pod spilara í eyranu sem gaf til kynna með lágu hljóðmerki hvenar átti að skipta um bil á skráningarblaðinu. Ef fjölskyldan færði sig til í íbúðinni fylgdi rannsakandi henni eftir. Ef hann heyrði eða sá ekki til fjölskyldunnar var mælingin stöðvuð og haldið áfram þar sem frá var horfið

þegar rannsakandinn hafði komið sér fyrir á ný. Eftir mælinguna gafst mæðrunum kostur á að spyrja rannsakanda út í efni námskeiðsins og beitingu á aðferðum. Þær gátu því fengið ráðgjöf, leiðbeiningar og útskýringar ef þær töldu sig þurfa þess. Lögð var áhersla á að þakka vel fyrir sig í lok hverrar heimsóknar.

Áreiðanleikamælingar

Í 40% heimsókna voru gerðar samræmismælingar. Tvisvar sinnum á hverju tímabili kom annar sálfræðinemi með rannsakanda sem skráði einning fylgibreyturnar. Aðstoðarmaðurinn fékk skilgreiningarnar og fór í gegnum ferlið með rannsakanda. Þeir fóru svo inn á heimili þar sem ekki var neinn þátttakandi í rannsókninni og fylgdust með hegðun barna og æfðu sig. Áreiðanleiki var metin með því að bera saman skráningar rannsakanda og aðstoðarmannsins fyrir hvert áhorfsbil. Það var athugað hve oft þeir voru sammála um tíðni, tegund og stund hegðunar. Áreiðanleikastuðull var reiknaður með því að deila fjölda skipta sem rannsakandi og aðstoðarmaður skráðu hegðun móður og barns á sama hátt með heildarfjölda skráðrar hegðunar, svo var margfaldað með 100 til að fá útkomuna í prósentutölu.

Gott samræmi var í áreiðanleikamælingum. Heildaráreiðanleiki allra fjölskyldnanna var 94,9%, spönnin var frá 66,7% til 100%. Áreiðanleiki var nokkuð jafn yfir fjölskyldur og tímabil mælinga. Áreiðanleiki á grunnlínu var 94%, spönnin var frá 66,7% til 100%. Áreiðanleiki í inngrípi var 95%, spönnin var frá 83,3% til 100%. Áreiðanleiki eftir námskeiðið var 95,8%, spönnin var frá 83,3% til 100%. Heildaráreiðanleiki hjá fjölskyldu eitt var 94,5%, spönn frá 66,7% til 100%. Heildaráreiðanleiki var 94,7% hjá fjölskyldu tvö, spönn frá 83,3% til 100%. Hjá fjölskyldu þrjú var heildaráreiðanleiki 95,5%, spönn frá 83,3% til 100%. Í töflu eitt má sjá yfirlit yfir meðaltal áreiðanleikamælinga hjá hverri fjölskyldu fyrir sig eftir tilraunaskiðum ásamt heildaráreiðanleika fjölskylda og tilraunaskiða.

Tafla 1

Meðaltal áreiðanleikamælinga í % eftir fjölskyldum og tilraunaskiðum.

	Grunnlína	Inngrip (námskeið)	Eftir inngríp	Meðaltal heildar- áreiðanleika hjá fjölskyldu
Fjölskylda 1	92,6%	95,0%	95,5%	94,5%
Fjölskylda 2	95,4%	93,9%	95,0%	94,7%
Fjölskylda 3	94,0%	96,0%	96,6%	95,5%
Meðaltal heildaráreiðanleika tilraunaskiðs	94%	95%	95,8%	94,9%

Niðurstöður

Niðurstöður eru unnar eftir því hvernig hegðun og viðbrögð mæðra við hegðun barna sinna samræmdist reglum og mistökum sem kennd voru á námskeiðinu. Skoðað var hlutfall réttra og rangra fyrirmæla af heildarfyrirmælum og hlutfall réttra og rangra viðbragða við hegðun barnanna af gefnum tækifærum. Tíðni og hlutfall æskilegrar og óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar af gefnum tækifærum var skoðað. Reiknað var hlutfall út frá gefnum tækifærum sem hegðun barna gaf til réttra viðbragða. Þetta var gert vegna þess að tíðni æskilegrar og óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar gat verið mismunandi milli mælinga og fjölskyldna og tækifærin því mismörg. Auk þess var fjöldi mælinga ekki sá sami á öllum skeiðum rannsóknarinnar. Tíðni hefði því gefið skekkta mynd af hegðun og viðbrögðum mæðranna.


Fjölskylda 1

Þar sem móðirin á þrjú börn var skipst á að mæla hana með sérhverju barni. Passað var að minnsta kosti ein mæling á hverju tilraunaskeiði væri með sérhverju barni. Elsta barnið, sem er barn eitt, var mælt alls fjórum sinnum, miðbarnið, sem er barn tvö, var mælt alls fimm sinnum og yngsta barnið, sem er barn þrjú, var mælt alls fimm sinnum yfir skeiðin.

Æskileg hegðun kom að meðaltali fram 28 sinnum í mælingu á meðan mælingar stóðu yfir. Tíðnin jókst að meðaltali á meðan námskeiðið stóð yfir og var hærri eftir að námskeiðinu lauk en áður en það hófst. Hlutfall æskilegrar hegðunar jókst úr 58% tilvika hegðunar að meðaltali áður en námskeið hófst upp í að meðaltali 71% tilvika hegðunar eftir að námskeiðinu var lokið. Óæskileg/ andfélagsleg hegðun kom að meðaltali fram 13 sinnum í mælingu á meðan mælingar stóðu yfir. Tíðnin var að meðaltali 18 skipti áður en námskeið hófst og lækkaði niður í 11,5 skipti að meðaltali eftir að námskeiði lauk. Hlutfallið var 42% af allri hegðun áður en námskeið hófst, það lækkaði á meðan námskeiðið stóð yfir og eftir að námskeiðinu lauk var hegðunin í 29% tilvika óæskileg/andfélagsleg.


Fjöldi fyrirmæla var á bilinu tvö til 13 fyrirmæli á meðan mælingar áttu sér stað. Meðalfjöldi gefina fyrirmæli voru 5,8 fyrirmæli í mælingu áður en námskeið hófst, 6,5 fyrirmæli á meðan námskeið stóð yfir og 8 fyrirmæli eftir að námskeiði lauk. Hlutfall réttra fyrirmæla af gefnum fyrirmælum jókst. Að meðaltali voru 48% fyrirmæla rétt fyrirmæli áður en námskeið hófst. Hlutfallið hækkaði svo á meðan námskeiðið stóð yfir

og var þá að meðaltali tæp 72% af gefnum fyrirmælum. Af fyrirmælum sem móðirin gaf eftir námskeiðið voru að meðaltali 67% þeirra rétt fyrirmæli. Ef börnin eru skoðuð hvert fyrir sig má sjá að lítil breyting var á hlutfalli réttra fyrirmæla í mælingum á barni þrjú, hlutfallið jókst mest hjá barni eitt, og breytileiki var mikill áður en námskeið hófst hjá barni tvö sem minnkaði verulega eftir að námskeið hófst (sjá mynd 1).




Mynd 1. Hlutfall réttra fyrirmæla af gefnum fyrirmælum á meðan mæling stóð yfir.

Eins og sjá má á mynd tvö þá jókst notkun móðurinnar á umbun við æskilegri hegðun (regla 1) á meðan námskeið stóð yfir og var notkunin meiri eftir að námskeiðinu lauk en áður en það hófst. Móðirin umbunaði að meðaltali í 39,5% tilvika æskilegrar hegðunar áður en námskeið hófst, í 53,8% tækifæra á meðan námskeið stóð yfir og í 51% tækifæra eftir að námskeiðinu lauk. Breytileiki minnkaði eftir að námskeið hófst. Ef börnin eru skoðuð hvert fyrir sig má sjá að minnst breyting á hlutfalli var í mælingum á barni tvö.




Mynd 2. Hlutfall umbunar fyrir æskilega hegðun af gefnum tækifærum á meðan mæling stóð yfir. Regla 1.

Hlutfall umbunar fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun af gefnum tækifærum (regla 2 og mistök 3) lækkaði eftir að námskeið hófst og hélt áfram að lækka eftir að námskeiðinu lauk (sjá mynd 3). Móðirin umbunaði óæskilega/ andfélagslega hegðun í að meðaltali 24,8% tækifæra áður en námskeiðið hófst og að meðaltali í 3,8% tækifæra eftir að námskeiðinu lauk. Hlutfall umbunar fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun minnkaði í mælingum hjá öllum börnunum.



Mynd 3. Hlutfall umbunar fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun af gefnum tækifærum á meðan mæling stóð yfir. Regla 2 og mistök 3.

Eins og sjá má á mynd fjögur jókst notkun móðurinnar á vægri refsingu við óæskilegri/andfélagslegri hegðun (regla 3 og mistök 4). Áður en námskeið hófst var hlutfall vægrar refsingar að meðaltali 18,3% tækifæra. Eftir að námskeiði lauk var vægri refsingu beitt í 46,8% tækifæra. Hlutfall vægrar refsingar hækkaði hjá öllum börnunum.



Mynd 4. Hlutfall vægrar refsingar fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun af gefnum tækifærum á meðan mæling stóð yfir. Regla 3.

Móðirin umbunaði ekki fyrir æskilega hegðun (mistök 1) í að meðaltali 60% tilvika æskilegarar hegðunar áður en námskeiðið hófst. Hlutfallið minnkaði á meðan námskeiðið stóð yfir og umbunaði móðirin að meðaltali ekki í 49% tækifæra eftir að námskeiðinu lauk.

Móðirin beitti vægri refsingu á æskilega hegðun (mistök 2) alls níu sinnum. Tvisvar sinnum áður en námskeið hófst, sem voru að meðaltali í 1,5% tilvika æskilegrar hegðunar, fjórum sinnum á meðan námskeiðið stóð yfir, sem voru að meðaltali 2,3% tækifæra, og þrisvar sinnum eftir að námskeiði lauk, sem voru að meðaltali í 2,8% tilvika æskilegarar hegðunar.

Móðirin hunsaði æskilega hegðun (óviðeigandi hunsun) alls sex sinnum. Tvisvar sinnum áður en námskeið hófst, sem voru að meðaltali 1,5% tilvik æskilegrar hegðunar, fjórum sinnum á meðan námskeiðið stóð yfir sem voru að meðaltali 2% tækifæra. Hún hunsaði aldrei æskilega hegðun eftir að námskeiði lauk. Virk hunsun og hlé var ekki notað á æskilega hegðun. Móðirin notaði einu sinni aðferðina hlé við andfélagslegri hegðun. Það var eftir að námskeiði lauk. Virk hunsun á óæskilegri/andfélagslegri hegðun átti sér einu sinni stað. Það var á meðan námskeið stóð yfir.

Móðirin sýndi engin viðbrögð við tæplega helmingi (að meðaltali í 46,7% tilvika) af hegðun barnanna, þá er átt við bæði æskilega og óæskilega/andfélagslega hegðun. Áður en námskeið hófst sýndi hún engin viðbrögð við að meðaltali 57,2% tilvik hegðunar. Á meðan námskeiðið stóð yfir lækkaði hlutfallið og voru engin viðbrögð sýnd í 37,8% tækifæra að meðaltali. Eftir að námskeiði lauk sýndi móðirin engin viðbrögð við að meðaltali 45,1% tilvik hegðunar. Móðirin sýndi engin viðbrögð við æskilegri hegðun í að meðaltali 57,5% tilvika æskilegarar hegðunar áður en námskeiðið hófst. Hlutfallið minnkaði á meðan námskeiðið stóð yfir og voru engin viðbrögð sýnd í að meðaltali 41,7% tækifæra. Hlutfallið jókst aðeins eftir að námskeiðinu lauk og móðirin sýndi engin viðbrögð við æskilegri hegðun í að meðaltali 46,3% tækifæra. Móðirin sýndi engin viðbrögð í að meðaltali 57% tilvika óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar á áður en námskeið hófst. Hlutfallið fór niður í að meðaltali 33,8% tækifæra á meðan námskeið stóð yfir. Eftir að námskeiði lauk sýndi móðirin engin viðbrögð í að meðaltali 43,8% tilvika óæskilegrar/ andfélagslegrar hegðunar.

Móðirin lærði að fylgja reglunum sem kenndar eru á námskeiðinu og forðast mistök, fyrir utan mistök tvö. Áhrifin virðast þó oft minnka eftir að námskeiðinu er


lokið. Hún umbunaði oftari fyrir æskilega hegðun (regla 1) eftir námskeiðið þó hlutfallið hafi lækkað lítillega eftir að námskeiðinu lauk. Þar af leiðandi vanrækti hún sjaldnar að umbuna fyrir æskilega hegðun (mistök 1). Móðirin umbunaði sjaldnar óæskilega/andfélagslega hegðun (regla 2 og mistök 3) og hún beitti oftari vægri refsingu á óæskilega/andfélagslega hegðun (regla 3 og mistök 4). Hlutfall vægrar refsingar fyrir æskilega hegðun jókst lítillega sem gefur til kynna að móðirin hafi ekki lært að forðast mistök tvö. Móðirin gaf fleiri rétt fyrirmæli eftir námskeiðið þó hlutfallið hafi lækkað smávegis eftir lok námskeiðsins. Tíðni æskilegrar hegðunar jókst töluvert á meðan námskeiðið átti sér stað og eftir að því lauk, tíðni óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar minnkaði. Móðirin sýndi oftari viðbrögð við hegðun barna sinna.

Fjölskylda 2

Móðirin átti eitt barn og fóru því allar mælingar fram með einu barni.


Æskileg hegðun kom að meðaltali fram 33 sinnum í mælingu á meðan mælingar stóðu yfir. Tíðnin var svipuð fyrir námskeiðið, á meðan það stóð yfir og eftir að því lauk. Hlutfall æskilegrar hegðunar minnkaði lítillega. Áður en námskeiðið hófst var að meðaltali 88% hegðunar æskileg og eftir að námskeiðinu lauk var að meðaltali 84% hegðunar æskileg. Óæskileg/andfélagsleg hegðun kom að meðaltali fram sex sinnum í mælingu á meðan mælingar stóðu yfir. Það að tíðnin var svona lág gæti haft áhrif á niðurstöðurnar. Tíðnin jókst lítillega þegar námskeiðið stóð yfir og eftir að því lauk. Hlutfall óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar jókst einnig lítillega, áður en námskeiðið hófst var hegðun í að meðaltali 12% tilvika óæskileg/ andfélagsleg en í að meðaltali 16% tilvika eftir að námskeiðinu lauk.

Fjöldi fyrirmæla var á bilinu tvö til 15 fyrirmæli á meðan mælingar áttu sér stað. Meðalfjöldi gefinna fyrirmæla voru þrjú fyrirmæli í mælingu áður en námskeið hófst og átta fyrirmæli bæði á meðan námskeið stóð yfir og eftir að námskeiði lauk. Hlutfall réttra fyrirmæla af gefnum fyrirmælum jókst eftir að námskeiðið hófst og eftir að námskeiðinu lauk hafði hlutfallið aukist um tæplega 59% að meðaltali. Áður en námskeiðið hófst voru að meðaltali 30,8% gefinna fyrirmæla rétt og eftir að námskeiðinu lauk gaf móðirin rétt fyrirmæli í að meðaltali 89,5% tilvika. Breytileiki er nokkur áður en námskeið hefst en minnkar eftir að námskeið er hafið (sjá mynd 5).




Mynd 5. Hlutfall réttra fyrirmæla af gefnum fyrirmælum á meðan mæling stóð yfir.

Eins og sjá má á mynd sex þá jókst notkun móðurinnar á umbun við æskilegri hegðun (regla 1) á meðan námskeið stóð yfir. Umbun var hlutfallslega meiri eftir að námskeiðinu lauk en áður en það hófst. Umbun fylgdi æskilegri hegðun í að meðaltali 61,5% tilvika æskilegrar hegðunar áður en námskeið hófst. Breytileiki var nokkur á meðan námskeiðið átti sér stað. Eftir að námskeiðinu lauk dregur úr breytileika og þá var umbunað að meðaltali í 83,3% tækifæra.




Mynd 6. Hlutfall umbunar fyrir æskilega hegðun af gefnum tækifærum á meðan mæling stóð yfir. Regla 1.

Hlutfall umbunar fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun af gefnum tækifærum (regla 2 og mistök 3) minnkaði eins og sjá má á mynd sjö. Áður en námskeið hófst umbunaði móðirin óæskilega/andfélagslega hegðun í að meðaltali 63% tækifæra. Hlutfallið lækkaði á meðan námskeiðið stóð yfir og eftir að námskeiðinu lauk umbunaði móðirin í að meðaltali 23,3% tækifæra.



Mynd 7. Hlutfall umbunar fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun af gefnum tækifærum á meðan mæling stóð yfir. Regla 2 og mistök 3.

Eins og sjá má á mynd átta þá beitti móðirin aldrei vægri refsingu við óæskilegri/andfélagslegri hegðun áður en námskeið hófst (mistök 4). Á meðan námskeið stóð yfir beitti hún vægri refsingu (regla 3) í að meðaltali 44% tækifæra og í að meðaltali 65,8% tækifæra eftir að námskeiði lauk. Breytileiki er nokkur á meðan námskeið á sér stað og eftir að því lýkur.



Mynd 8. Hlutfall vægrar refsingar fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun af gefnum tækifærum á meðan mæling stóð yfir. Regla 3.

Móðirin veitti ekki umbun í að meðaltali 38,5% tilvika æskilegarar hegðunar áður en námskeiðið hófst (mistök 1). Eftir að námskeiðnu lauk hafði hlutfallið lækkað, þá umbunaði móðirin ekki fyrir æskilega hegðun í að meðaltali 16,7% tækifæra.

Móðirin beitti vægri refsingu á æskilega hegðun (mistök 2) alls fjórum sinnum. Þrisvar sinnum áður en námskeið hófst, sem voru að meðaltali í 2,5% tilvika æskilegrar hegðunar. Hún beitti einu sinn vægri refsingu á æskilega hegðun á meðan á námskeiðið stóð yfir og aldrei eftir að námskeiði lauk. Óviðeigandi hunsun, virk hunsun og aðferðin hlé var aldrei notað á æskilega hegðun á meðan mælingar fóru fram. Móðirin notaði aldrei hlé á meðan mælingar fóru fram. Virk hunsun á óæskilegri/andfélagslegri hegðun átti sér stað einu sinni, það var á meðan námskeiðið stóð yfir.

Móðirin sýndi engin viðbrögð við að meðaltali 22,6% hegðunar barnsins, þá er átt við bæði æskilega og óæskilega/andfélagslega hegðun. Áður en námskeið hófst sýndi hún engin viðbrögð við að meðaltali 36,4% tilvika hegðunar. Hlutfallið lækkaði eftir að námskeið hófst og eftir að námskeiði lauk sýndi hún engin viðbrögð við að meðaltali 13,9% hegðunar barnsins. Móðirin sýndi engin viðbrögð við 35,8% tilvika æskilegrar hegðunar áður en námskeið hófst. Hlutfallið lækkaði á meðan námskeið stóð yfir og eftir námskeiðið sýndi móðirin engin viðbrögð í 16,8% tækifæra. Móðirin sýndi engin viðbrögð við 37% tilvika óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar áður en námskeiðið hófst. Hlutfallið lækkaði á meðan námskeiðið stóð yfir og sýndi móðirin engin viðbrögð í 11% tækifæra eftir að námskeiðinu lauk.


Móðirin lærði að fylgja reglunum sem kenndar eru á námskeiðinu og forðast mistökin. Hún umbunaði oftast fyrir æskilega hegðun en áður en námskeið hófst (regla 1 og mistök 1). Móðirin umbunaði mun sjaldnar óæskilega/andfélagslega hegðun (regla 2 og mistök 3) og hún fór að beita vægri refsingu sem hún gerði ekki í mælingum áður en námskeið hófst (regla 3 og mistök 4). Hún beitti aldrei vægri refsingu á æskilega hegðun eftir að námskeiði lauk (mistök 2). Móðirin jók notkun sína á fyrirmælum eftir að námskeiðið hófst og hlutfall rétttra fyrirmæla af gefnum fyrirmælum hækkaði verulega. Tíðni æskilegrar hegðunar hélst svipuð en tíðni óæskilegrar/ andfélagslegrar hegðunar jókst lítillega. Móðirin sýndi oftast viðbrögð við hegðun barnsins.

Fjölskylda 3

Þar sem móðirin á tvö börn og var skiptst á að mæla samskipti móður við þau. Passað var að börnin ættu svipað margar mælingar á hverju tilraunaskeiði. Eldra barnið, sem er barn eitt, var viðstatt alls sex sinnum og yngra barnið, sem er barn tvö, alls átta sinnum.


Æskileg hegðun kom að meðaltali fram 30 sinnum í mælingu á meðan mælingar stóðu yfir. Tíðnin jókst á meðan námskeið stóð yfir en lækkaði aftur eftir að því lauk, en var hærri eftir að námskeiði lauk heldur en áður en það hófst. Áður en námskeið hófst var að tíðni æskilegrar hegðunar að meðaltali 24,5 skipti í mælingu. Á meðan námskeiðið stóð yfir jókst tíðnin upp í 35,2 skipti að meðaltali í mælingu. Eftir að námskeiði lauk lækkaði tíðnin og var að meðaltali 30,8 skipti í mælingu. Hlutfall æskilegrar hegðunar hækkaði. Áður en námskeið hófst var að meðaltali 63% hegðunar barnanna æskileg. Eftir að námskeiðinu lauk var að meðaltali 81% hegðunar barnanna æskileg. Óæskileg/andfélagsleg hegðun kom að meðaltali fram 9 sinnum í mælingu á meðan mælingar áttu sér stað. Tíðnin lækkaði á meðan námskeið átti sér stað en hækkaði lítillega aftur eftir að því lauk. Áður en námskeið hófst var óæskileg/andfélagsleg hegðun að meðaltali 14,3 skipti í mælingu, 4,8 skipti að meðaltali á meðan námskeið stóð yfir og 7,3 skipti eftir að námskeiði lauk. Hlutfall óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar lækkaði.

Fjöldi fyrirmæla var mjög mismunandi á meðan mælingar fóru fram, mest voru gefin 20 fyrirmæli og minnst einu sinni í mælingu. Meðalfjöldi gefina fyrirmæla voru 11 fyrirmæli í mælingu áður en námskeið hófst, 3,8 fyrirmæli í mælingu á meðan námskeið stóð yfir og 4,5 fyrirmæli í mælingu eftir að námskeiði lauk. Hlutfall réttra fyrirmæla af gefnum fyrirmælum jókst eftir að námskeiðið hófst og eftir að námskeiðinu lauk hafði hlutfallið aukist um tæplega 29% að meðaltali. Áður en námskeiðið hófst voru að meðaltali 42,5% gefina fyrirmæla rétt og eftir að námskeiðinu lauk gaf móðirin rétt fyrirmæli í að meðaltali 71% tilvika. Ef börnin eru skoðuð hvort fyrir sig má sjá að eftir að námskeið hefst minnkar breytileiki í mælingum með barni eitt en breytileiki eykst verulega í mælingum með barni tvö og spannar hlutfall réttra fyrirmæla allt frá 0% gefina fyrirmæla upp í 100%. Hlutfall réttra fyrirmæla af gefnum fyrirmælum hækkar meira að meðaltali í mælingum með barni tvö en með barni eitt (sjá mynd 9).




Mynd 9. Hlutfall réttra fyrirmæla af gefnum fyrirmælum á meðan mæling stóð yfir.

Móðirin jók notkun sína á umbun fyrir æskilega hegðun (regla 1) á meðan námskeiðið stóð yfir og áhrifin héldust eftir að námskeiðinu lauk (sjá mynd 10). Áður en námskeið hófst veitti móðirin umbun fyrir að meðaltali 25,3% tilvik æskilegrar hegðunar. Hlutfallið hækkaði á meðan námskeið stóð yfir og var þá umbunað í að meðaltali 34,9% tækifæra. Eftir að námskeiði lauk umbunaði móðirin fyrir að meðaltali 48,5% tilvik æskilegrar hegðunar. Hlutfall umbunar fyrir æskilega hegðun af gefnum tækifærum hækkaði í mælingum með báðum börnunum.




Mynd 10. Hlutfall umbunar fyrir æskilega hegðun af gefnum tækifærum á meðan mæling stóð yfir. Regla 1.

Hlutfall umbunar fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun af gefnum tækifærum (regla 2 og mistök 3) minnkaði töluvert eins og sjá má á mynd 11. Áður en námskeið hófst umbunaði móðirin óæskilega/andfélagslega hegðun í að meðaltali 35,8% tækifæra. Hlutfallið lækkaði verulega á meðan námskeiðið stóð yfir og eftir að námskeiðinu lauk umbunaði móðirin í að meðaltali 1,8% tækifæra.



Mynd 11. Hlutfall umbunar fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun af gefnum tækifærum á meðan mæling stóð yfir. Regla 2 og mistök 3.

Hlutfall vægrar refsingar á óæskilega/andfélagslega hegðun af gefnum tækifærum (regla 3) breyttist lítillega. En eins og sjá má á mynd 12 þá minnkaði breytileiki töluvert eftir að námskeiði lauk. Áður en námskeið hófst beitti móðirin vægri refsingu í að meðaltali 46,8% tækifæra og eftir að námskeiði lauk í að meðaltali 49,3% tækifæra. Það er því rúmlega helmingur óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar sem móðirin beitti ekki vægri refsingu þó hún hefði tækifæri til þess (mistök 4). Ef börnin eru skoðuð hvort um sig má sjá að breytileiki var meiri í mælingum með barni eitt.



Mynd 12. Hlutfall vægrar refsingar fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun af gefnum tækifærum á meðan mæling stóð yfir. Regla 3.

Móðirin umbunaði ekki fyrir æskilega hegðun (mistök 1) í að meðaltali 74,7% tilvika æskilegrar hegðunar áður en námskeiðið hófst. Hlutfallið lækkaði á meðan

námskeiðið stóð yfir og eftir að því lauk umbunaði hún ekki fyrir rúmlega helming tilvika, eða í að meðaltali 51,5% tækifæra.

Móðirin beitti vægri refsingu á æskilega hegðun (mistök 2) alls átta sinnum. Fimm sinnum áður en námskeiðið hófst, sem var að meðaltali í 5,3% tækifæra. Þrisvar sinnum á meðan námskeiðið stóð yfir, sem var að meðaltali í 1,3% tækifæra. Vægri refsingu var aldrei beitt á æskilega hegðun eftir að námskeiði lauk.

Óviðeigandi hunsun æskilegarar hegðunar átti sér stað fjórum sinnum. Þrisvar sinnum áður en námskeið hófst, sem var að meðaltali í 2,8% tilvika æskilegrar hegðunar og einu sinni eftir að námskeið hófst, það var í fyrstu mælingunni á mælingarskeiðinu. Óviðeigandi hunsun átti sér aldrei stað eftir að námskeiði lauk. Móðirin notaði hvorki hlé né virka hunsun á meðan mælingar fóru fram.

Móðirin sýndi engin viðbrögð við að meðaltali 46,5% tilvik hegðunar barnanna, þá er átt við bæði æskilega og óæskilega/andfélagslega hegðun. Áður en námskeiðið hófst sýndi hún engin vðbrögð í að meðaltali 42,2% tækifæra. Hlutfallið hækkaði og á meðan námskeiðið stóð yfir sýndi hún engin viðbrögð við tæplega 56% tilvik hegðunar að meðaltali. Eftir að námskeiði lauk lækkaði hlutfallið aftur og voru engin viðbrögð sýnd í að meðaltali 41,5% tækifæra. Móðirin sýndi mun sjaldnar viðbrögð við óæskilegri/andfélagslegri hegðun á meðan námskeiðið stóð yfir. Áður en námskeið hófst sýndi móðirin engin viðbrögð í að meðaltali 17,5% tækifæra, á meðan námskeiðið stóð yfir sýndi hún engin viðbrögð í að meðaltali 48,5% tækifæra sem þýðir aukningu um rúmlega 30%. Eftir að námskeiðinu lauk lækkaði hlutfallið og sýndi hún engin viðbrögð við 33% tilvik óæskilegrar/ andfélagslegrar hegðunar að meðaltali. Móðirin sýndi engin viðbrögð í að meðaltali 60% tilvika æskilegrar hegðunar. Áður en námskeið hófst sýndi hún engin viðbrögð í að meðaltali 66,8% tækifæra. Hlutfallið lækkaði á meðan námskeið stóð yfir og eftir að því lauk sýndi hún engin viðbrögð við að meðaltali helmingi tilvika æskilegrar hegðunar.

Móðirin lærði að fylgja reglunum sem kenndar eru á námskeiðinu, fyrir utan reglu þrjú. Hún lærði að forðast mistökin fyrir utan mistök fjögur. Hún umbunaði oftast fyrir æskilega hegðun (regla 1 og mistök 1) en áður en námskeið hófst. Móðirin umbunaði mun sjaldnar óæskilega/ andfélagslega hegðun (regla 2 og mistök 3). Hlutfallslega beitti hún vægri refsingu á óæskilega/andfélagslega hegðun jafn oft fyrir og eftir námskeið. Hún hefur því ekki tileinkað sér reglu þrjú né lært að forðast mistök fjögur. Væg refsing fyrir æskilega hegðun minnkaði og kom aldrei fram eftir að

námskeiði lauk (mistök 2). Móðirin minnkaði notkun sína á fyrirmælum eftir að námskeiðið hófst en hlutfall rétttra fyrirmæla af gefnum fyrirmælum hækkaði. Tíðni æskilegrar hegðunar jókst á meðan námskeiðið stóð yfir en lækkaði aftur eftir að því lauk. Hlutfall óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar minnkaði. Hún sýndi álíka oft viðbrögð við hegðun barnanna eftir að námskeiði lauk og áður en það hófst. Hlutfall engra viðbragða við hegðun jókst á meðan námskeiðið stóð yfir. Hún sýndi sjaldnar viðbrögð við óæskilegri/ andfélagslegri hegðun eftir að námskeiðinu lauk en áður en námskeiðið hófst.

Umræða

Það er óhætt að álykta að námskeiðið hafði áhrif á hegðun mæðranna og að alhæfing úr kennslumhverfi yfir í eðlilegar aðstæður fjölskyldanna hafi átt sér stað. Mæðurnar virtust tileinka sér að mestu þær reglur sem námskeiðið kennir og lærðu að forðast flest mistökin sem bent er á í námskeiðinu. Áhrifin eru þó misjafnlega mikil og haldast misvel eftir að námskeiði lauk. Áreiðanleiki mælinga var góður sem eykur réttmæti rannsóknarinnar en það að þátttakendurnir voru aðeins þrír dregur hinsvegar verulega úr alhæfingargildi og þyrfti því að endurtaka rannsóknina með fleiri þátttakendum.

Hegðun barnanna breyttist að einhverju leyti hjá öllum fjölskyldunum, þó minnst hjá fjölskyldu tvö. Æskileg hegðun átti sér oftast stað hjá fjölskyldum eitt og þrjú á meðan námskeiðið stóð yfir. Áhrifin héldust eftir að námskeiði lauk hjá fjölskyldu eitt en tíðnin minnkaði aftur hjá fjölskyldu þrjú, móðirin minnkaði aðeins notkun sína á sumum aðferðunum sem kenndar eru eftir að námskeiði lauk sem gæti skýrt minnkunina. Tíðni æskilegrar hegðunar stóð í stað hjá fjölskyldu tvö, en tíðnin var mjög há áður en námskeiðið hófst og því var lítið svigrúm til aukningar. Tíðni óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar hjá börnunum í fjölskyldum eitt og þrjú minnkaði og héldust áhrifin eftir að námskeiði lauk. Hjá fjölskyldu tvö varð smávægileg aukning, en tíðnin var mjög lág áður en námskeiðið hófst sem getur skýrt aukninguna.

Allar mæðurnar virtust hafa tileinkað sér reglu eitt, að umbuna fyrir æskilega hegðun fljótt og oft. Þær nýttu allar fleiri tækifæri sem gáfust til að umbuna æskilega hegðun á meðan námskeiðið stóð yfir og héldust áhrifin eftir að námskeiðinu lauk, þó áhrifin hafi minnkað lítillega hjá móðurinni í fjölskyldu 1. Þær eru því allar að auka

líkurnar á því að æskilega hegðunin festi sig í sessi. Mæður í fjölskyldum eitt og þrjú eru þó aðeins að veita umbun í um helmingi tækifæra eftir að námskeiði lauk. Af þessu leiðir að allar mæðurnar forðast mistök eitt, að umbuna ekki fyrir æskilega hegðun, í meiri mæli en áður.

Mæðurnar virðast allar hafa tileinkað sér reglu tvö, að umbuna ekki fyrir óæskilega og andfélagslega hegðun og þar af leiðandi virtust þær einnig læra að forðast mistök þrjú, að umbuna óvart fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun. Tíðni umbunar fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun minnkaði hjá þeim öllum eftir að námskeiðið hófst og áhrifin héldust eftir að námskeiðinu lauk. Mæðurnar í fjölskyldum eitt og þrjú umbunuðu nánast aldrei fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun eftir að námskeiði lauk. Móðirin í fjölskyldu tvö veitti umbun fyrir rúmlega helming tilvika óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar áður en námskeiðið hófst en tíðnin hafði minnkað um tæplega helming eftir að námskeiðinu lauk. Barnið hennar fékk þó ennþá af og til umbun fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun sem er ekki æskilegt því þá er hegðunin styrkt með skertri styrkingu og ólíklegra er að barnið hætti að sýna hegðunina.

Tvær mæðranna virtust tileinka sér reglu þrjú, að refsa mildilega fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun. Móðirin í fjölskyldu eitt notaði sjaldan væga refsingu áður en námskeiðið hófst en eftir að því lauk beitti hún vægri refsingu í tæplega helmingi tækifæra. Hún virtist því að vissu leyti tileinka sér regluna og lært að forðast mistök fjögur, að refsa ekki fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun þegar notast mætti við væga hegningu, en eftir að námskeiðinu lauk voru ennþá rúmlega helmingur tækifæra ekki nýtt. Móðirin í fjölskyldu tvö beitti aldrei vægri refsingu í mælingum áður en námskeiðið hófst en eftir að því lauk notaði hún rúmlega helming gefinba tækifæra. Breytileiki hegðunar var þó nokkur en óhætt er að segja að hún hafi, í það minnsta að einhverju leyti, tileinkað sér reglu þrjú og lært að forðast mistök fjögur. Móðirin í fjölskyldu þrjú beitti vægri refsingu hlutfallslega jafn oft fyrir og eftir námskeiðið, hún virðist því hvorki hafa tileinkað sér reglu þrjú né mistök fjögur.

Tvær mæðranna virtust hafa lært að forðast mistök tvö, að refsa óvart fyrir æskilega hegðun, þar sem væg refsing fyrir æskilega hegðun kom aldrei fram í mælingum eftir að námskeiði lauk hjá mæðrum í fjölskyldum tvö og þrjú. Þess ber þó að geta að tíðnin var mjög lág áður en námskeið hófst. Tíðni refsingar fyrir æskilega hegðun var einnig lág hjá móðurinni í fjölskyldu eitt en hlutfallslega jókst notkun hennar á

refsingu sem gefur til kynna að móðirin hafi ekki lært að forðast mistök tvö og minnkar hún þar með líkurnar á að festa æskilegu hegðunina í sessi.

Mæðurnar virtust allar tileinka sér það sem kennt var um að gefa fyrirmæli á réttan hátt en þær gáfu allar hlutfallslega fleiri rétt fyrirmæli eftir að námskeiðið hófst og áhrifin héldust eftir að námskeiði lauk þrátt fyrir hlutfallið hafi minnkað lítillega aftur hjá móður í fjölskyldu eitt. Fjöldi fyrirmæla var þó mjög mismunandi milli mælinga svo það ber að taka þessum niðurstöðum með smá fyrirvara. Það er áhugavert að skoða tíðni fyrirmæla en móðirin í fjölskyldu þrjú minnkaði notkun sína á fyrirmælum töluvert á meðan námskeiðið stóð yfir. Hugsanleg ástæða gæti verið að hún hafi ekki verið alveg viss um hvernig hún átti að gefa rétt fyrirmæli og því dregið úr fyrirmælagjöf í stað þess að gefa röng fyrirmæli, en hún minntist þó aldrei á slíkt í umræðum í kennslustundum eða við rannsakanda.

Mæðurnar sýndu hegðun frekar athygli eftir að námskeiði lauk en áður en það hófst, en athygli foreldra skiptir miklu máli fyrir börnin og getur virkað vel sem styrkir og virkar sem refsing ef athyglin er ekki veitt. Það er því mikilvægt að foreldrar sýni viðbrögð við hegðun barna sinna, þau þurfa ekki að vera mikil, það er nóg að horfa á barnið með hlutlausum svip. Móðirin í fjölskyldu eitt sýndi engin viðbrögð við rúmlega helming allrar hegðunar að meðaltali áður en námskeiðið hófst. Eftir að námskeiðinu lauk sýndi hún meirihluta hegðunar barna sinna athygli, þó tíðni engra viðbragða hafi hækkað aðeins aftur eftir að námskeiði lauk sem gæti bent til þess að um tímabundin áhrif sé að ræða. Áður en námskeiðið hófst sýndi móðirin í fjölskyldu tvö engin viðbrögð við um þriðjungi hegðunar. Hlutfallslega minnkaði tíðni engra viðbragða um rúmlega helming og áhrifin héldust eftir að námskeiði lauk. Móðirin í fjölskyldu þrjú sýndi hegðun oftast athygli eftir að námskeiðinu lauk en áður en það hófst. Samt sem áður jókst tíðni þess að hún sýndi engin viðbrögð við hegðun á meðan námskeiðið stóð yfir. Hlutfall engra viðbragða við óæskilegri/andfélagslegri hegðun hækkaði verulega hjá móðurinni á meðan námskeiðið stóð yfir, hlutfallið lækkaði eftir að námskeiðinu lauk en var þó tæplega helmingi meira en áður en námskeiðið hófst. Það virðist því vera að námskeiðið hafi dregið úr því að móðirin veitti óæskilegri/andfélagslegri hegðun barna sinna athygli. Þetta er athyglisvert þegar haft er í huga að hún dró ekki úr notkun refsinga eins og áður kom fram. Aftur á móti umbunaði hún nánast aldrei fyrir óæskilega/andfélagslega hegðun eftir að námskeiði lauk, það er því ekki ljóst hvort það hafi verið

meðvitað hjá móðurinni að minnka umbun eða hvort hún hafi hreinlega ekki tekið eftir hegðuninni og því ekki umbunað fyrir hana.

Það að hunsa æskilega hegðun (óviðeigandi hunsun) getur aukið líkurnar á að hegðunin eigi sér ekki stað aftur í framtíðinni. Áður en námskeið hófst og á meðan það stóð yfir beittu tvær mæður óviðeigandi hunsun á æskilega hegðun en þær gerðu það aldrei við mælingar eftir að námskeiðinu lauk. Þær virðast því hafa tileinkað sér það sem kennt var á námskeiðinu um óviðeigandi hunsun. Hlé var aðeins notað einu sinni á meðan mælingar áttu sér stað og var rétt að því staðið samkvæmt því sem kennt er á námskeiðinu, móðirin sagðist hafa notað aðferðina nokkrum sinnum. Hinar mæðurnar tvær sögðust aldrei hafa notað hlé en reiknuðu með því að prufa það ef þær teldu þörf á því. Virk hunsun er leið til að draga úr óæskilegri/andfélagslegri hegðun. Tvær mæður notuðu virka hunsun í eitt skipti hvor á meðan mælingar fóru fram, það var á meðan námskeiðið stóð yfir. Aðspurðar sögðust þær allar nota þessa aðferð með góðum árangri þó það hafi ekki hitt þannig á á meðan mælingar stæðu yfir.

Þegar rætt var við mæðurnar eftir að mælingum lauk voru þær allar sammála um að námskeiðið hafi verið gagnlegt og töldu sig hafa lært mikið. Tvær þeirra minntust á að það gæti verið erfitt fyrir einstæðar mæður að fara á svona námskeið því ekki hefðu allir efni á eða aðgang að pössun fyrir börnin sín. Það gæti því valdið því að færri einstæðar mæður fari á slík námskeið þrátt fyrir áhuga. Þeir sem skipuleggja foreldrafræðslunámskeið ættu því að huga að slíkum hlutum, til dæmis með því að halda námskeið á þeim tíma sem leikskólar og skólar eru í gangi. Það er rétt að taka það fram að allar mæðurnar misstu af kennslustund í námskeiðinu. Móðirin í fjölskyldu eitt missti af tveimur kennslustundum, móðirin í fjölskyldu tvö einni kennslustund og móðirin í fjölskyldu þrjú einni kennslustund. Rannsakandi fór þá með myndbandið heim til móðurinnar sem missti af kennslustundinni og fór í gegnum efni tímans með henni. Það er þó á engan hátt sambærilegt því að vera viðstaddur námskeiðið og eins og rannsóknir hafa sýnt fram á þá skiptir mæting og ástundum miklu máli við að tileinka sér færnina sem kennd er og hópkennd er áhrifaríkari en einstaklingskennd.

Áhrif foreldrafræðslu á þennan þjóðfélagshóp hafa lítið verið rannsökuð og er þörf á að skoða þetta betur. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru ekki í samræmi niðurstöður Casanueva o.fl. (2008) sem komust að því að áhrif foreldrafræðslu einnar og sér á hegðun foreldrana séu takmörkuð. Niðurstöðurnar hér eru í samræmi við niðurstöður Chaffin o.fl. (2004) sem komust að því að foreldrafræðsla hafði áhrif á

hegðun foreldra sem voru undir eftirliti barnavernda. Niðurstöðurnar hér eru einnig í samræmi við niðurstöður Gylfa Jóns Gylfasonar o.fl. (2009) en áhrifin sem komu fram í þessari athugun eru þó nokkuð veikari, mismunurinn er hugsanlega vegna þess að hér var ekki boðið upp sérþjálfaðan aðila sem leiðbeindi um notkun tækninnar þó þátttakendum hafi staðið til boða að fá ráðleggingar ef þeir kusu svo. Ef til vill hefði komið fram meiri munur fyrir og eftir námskeið ef um væri að ræða pör. Þegar foreldri er einstætt lendir allt uppeldi á honum einum í stað þess að dreifast á tvo einstaklinga og auk þess njóta þeir stuðning hvors annars og geta rætt aðferðirnar sín á milli. Það að aðstæður á milli mælinga voru mismunandi getur haft áhrif á samanburð á milli þeirra. Aðstæður voru til dæmis að horfa á sjónvarp, tiltekt, leika sér, undirbúa eða borða kvöldmat, undirbúa háttatíma svo einhverjar séu nefndar. Mismunandi aðstæður bjóða upp á misjafnlega mikið af samskiptum, mismörg tækifæri til æskilegrar og óæskilegrar/andfélagslegrar hegðunar og einnig mismörg tækifæri til að umbuna eða refsa. Það gæti því hentað betur að mælingar séu teknar við sömu aðstæður til að fá skýrari niðurstöður um áhrif námskeiðsins á hegðun foreldranna. Það væri einnig áhugavert að athuga hvort það sé munur á beitingu móðurinnar á aðferðunum sem kenndar eru eftir því hvaða barn hún á í samskiptum við.

Almennt er lítið vitað um langtímaáhrif foreldrafræðslunámskeiða hjá þessum þjóðfélagshópi en niðurstöður Gylfa Jóns Gylfasonar o.fl. (2009) og Kolbrúnar Ásu Ríkharðsdóttur (2006) benda til þess að áhrif námskeiðsins haldist um tíma. Það að áhrifin í núverandi athugun fari minnkandi eftir að námskeiði lýkur gæti gefið til kynna að sumt sem mæðurnar lærðu á námskeiðinu viðhaldist ekki til lengri tíma. Því væri áhugavert að skoða hvort foreldrarnir haldi kunnáttu sinni við eftir námskeiðið eitt og sér án aukakennslu.

Heimildir

- Álfheiður Guðmundsdóttir (2005). *Mat á áhrifum SOS! Hjálp fyrir foreldra á færni þátttakenda í hegðunarstjórn*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindastofnun.
- Bjarki Þór Baldvinsson (2005). *SOS! Hjálp fyrir foreldra: Samantekt á niðurstöðum úr TOPI A og TOPI B árin 2003 til 2004 og heildarsamantekt fyrir árin 1998 til 2004*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindastofnun.
- Bunting, L. (2004). Parenting programmes: The best available evidence. *Child Care in practice*, 10 (4), 327-343.
- Casanueva, C., Martin, S. L., Runyan, D. K., Barth, R. P. og Bradley, R. H. (2008). Parenting services for mothers involved with child protective services: Do they change maternal parenting and spanking behaviors with young children? *Children and Youth Services Review*, 30, 861 – 878.
- Chaffin, M., Silovsky, J. F., Funderburk, B., Valle, L. A., Brestan, E. V., Balachova, T., o.fl. (2004). Parent-child interaction therapy with physically abusive parents: Efficacy for reducing future abuse reports. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 72 (3), 500-510.
- Chen, Z. Y., og Kaplan, H. B. (2001). Intergenerational transmission of constructive parenting. *Journal of Marriage and Family*, 63 (1), 17-31.
- Clark, L. (2007). *SOS! Hjálp fyrir foreldra* (Ágústína Ingvarsdóttir þýddi). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1991).
- Dymond, S. og Critchfield, T. S. (2002). A legacy of growth: Human operant research in the psychological record, 1980-1999. *The Psychological Record*, 52 (1), 99-107.
- Forehand, R., og Atkeson, B. M. (1977). Generality of treatment effects with parents as therapists: A review of assessment and implementation procedures. *Behavior Therapy*, 8 (4), 575-593.
- Gylfi Jón Gylfason. (2005). SOS! Hjálp fyrir foreldra. Að breyta uppeldi í heilum landshluta. Í Jón Grétar Sigurjónsson, Jara Kristina Thomasdóttir og Páll Jakob Líndal (Ritstj.), *Hvar er hún nú? Arfleið atferlisstefnunnar á 21. öld*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gylfi Jón Gylfason, Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, Steingrímur Skúlason, Berglind Dögg Bragadóttir, Rannveig Einarsdóttir, Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir og Haukur Ingi Guðmundsson (2009). Einkakennari í uppeldi: Úrræði sem bætir uppeldisfærni foreldra sem njóta þjónustu barnaverndar. *Sálfræðiritið - tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 14, 93-101.

- Hildur Jóna Bergþórsdóttir (2004). *SOS! Hjálp fyrir foreldra: Samantekt á niðurstöðum úr TOPI A og TOPI B árin 2001 til 2003*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindastofnun.
- Hrund Guðmundsdóttir (2008). *SOS! Hjálp fyrir foreldra: Samanburður á frammistöðu þátttakenda á TOPI A og TOPI B 2003-2007 og heildaryfirlit fyrir árin 1998-2007*. Óbirt BA-rigerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindastofnun. Sótt 2. apríl 2010 af <http://hdl.handle.net/1946/4320>
- Hupp, S. D. A., Reitman, D., Forde, D. A., Shriver, M. D., og Lou Kelley, M. (2008). Advancing the assessment of parent-child interactions: Development of the parent instruction-giving game with youngsters. *Behavior Therapy*, 39 (1), 91-106.
- Kazdin, A. E. (1997). Parent management training: Evidence, outcomes, and issues. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 36 (10), 1349-1356.
- Kazdin, A. E. (2005). *Parent management training*. New York: Oxford University Press, Inc.
- Kolbrún Ása Rikharðsdóttir. (2006). *Langtímaáhrif SOS! Hjálp fyrir foreldra*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindastofnun.
- Kronenberger, W. G. og Meyer, R. G. (2001). *The child clinician's handbook*, (2. útgáfa) Boston: Allyn and Bacon.
- Lundahl, B., Risser, H. J., og Lovejoy, M. C. (2006). A meta-analysis of parent training: Moderators and follow-up effects. *Clinical Psychology Review*, 26, 86-104.
- Matthews, J. M. og Hudson, A. M. (2001). Guidelines for evaluating parent training programs. *Family Relations*, 50 (1), 77-86.
- Nixon, R. D. V. (2002). Treatment of behavior problems in preschoolers: A review of parent training programs. *Clinical Psychology Review*. 22, 525-546.
- O'Dell, S. (1974). Training parents in behavior modification: A review. *Psychological Bulletin*, 81 (7), 418-433.
- Pearl, E. S. (2009). Parent management training for reducing oppositional and aggressive behavior in preschoolers. *Aggression and Violent behavior*, 14, 295-305.
- Pevsner, R. (1982). Group parent training versus individual family therapy: An outcome study. *Journal of Behavior Therapy and Experimental Psychiatry*, 13 (2), 119-122.

- Rickert, V. I., Sottolano, D. C., Parrish, J. M., Riley, A. W., Hunt, F. M., og Pelco, L. E. (1988). Training parents to become better behavior managers. The need for a competency-based approach. *Behavior Modification*, 12 (4), 475–496.
- Sanders, M. R. (1999). Triple P-Positive Parenting Program: Towards an empirically validated multilevel parenting and family support strategy for the prevention of behavior and emotional problems in children. *Clinical Child and Family Psychology Review*, 2 (2), 71–90.
- Shriver, M. D., og Allen, K. D. (1997). Defining child noncompliance: An examination of temporal parameters. *Journal of Applied Behavior Analysis*, 30 (1), 173–176.
- Sigurður Þorsteinn Þorsteinsson. (2006). *Mat á yfirfærslu úr námskeiðinu SOS! Hjálp fyrir foreldra á hegðunarstjórn í leikskólum*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Wells, K. C. (1997). The death of discipline: Is the requiem premature? *Aggression and Violent Behavior*, 2 (4), 337–341.

Viðaukar

Viðauki 1.
Skráningarblað

Fjölskylda nr: _____ Dags: _____ Kl: _____ Barn: _____ Móðir / Faðir Á

		Hegðun barns og viðbrögð foreldris														
		Fyrirmæli			Æskileg hegðun					Óæskileg hegðun						
		rétt	röng	engin	e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
1					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
2					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
3					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
4					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
5					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
6					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
7					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
8					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
9					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
10					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
11					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
12					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
13					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
14					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
15					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
16					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
17					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
18					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
19					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
20					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
21					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
22					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
23					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
24					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
25					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
26					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
27					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
28					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
29					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h
30					e	u	óh	vh	væ	h	e	u	óh	vh	væ	h

e: engin viðbrögð; u: umbun; óh: óviðeigandi hunsun; vh: virk hunsun; væ: væg hegning; h: hlé

Fylgjast skal með hegðun og skrá jafnóðum, það kemur hljóðmerki í i-pod þegar skipta á um línu. Draga skal hring um þau viðbrögð sem eiga sér stað á bilinu, þau geta verið fleiri en ein innan bils. Ef sömu viðbrögð eiga sér stað oft en einu sinni innan sama bils skal draga strik í hringinn eins oft og þörf er á. Það skal skrá áfram í næsta bil ef hegðun og/eða viðbrögð á sér ennþá stað. Andfélagsleg hegðun skráist sem óæskileg hegðun.

Viðauki 2.

Skilgreiningar fyrir skráningarblað

Fyrirmæli:

Fyrirmæli eru gefin ef foreldri vill að barn láti af slæmri hegðun og einnig þegar foreldri vill að barn sýni ákveðna hegðun.

Rétt fyrirmæli eru gefin þegar foreldri gengur beint að barninu, er ákveðið á svip, horfir í augun á barninu og segir nafn barnsins, svo gefur foreldri skýr, bein, einföld og ákveðin fyrirmæli, eins og til dæmis “Komdu hingað og settu leikföngin á hilluna”

Röng fyrirmæli eru óskýr, óbein og óljós. Það á ekki að spyrja spurninga eða gera óbeinar athugasemdir þegar fyrirmæli eru veitt eins og “það er ekki fallett að hoppa á sófanum” eða “hvers vegna ertu að hoppa á sófanum?”. Fyrirmæli eru einnig óskýr ef þau samanstanda af röð skipana sem eru of flókin fyrir börn að skilja, eins og til dæmis ef þessi fyrirmæli eru gefin 5 ára barni “Farðu og burstaðu tennurnar, en farðu fyrst í náttfötin og mundu að setja óhreinu fötin í körfuna, þvoðu þér svo og ekki gleyma að nota tannþráð”.

Merkja skal við *engin fyrirmæli* þegar hegðun barns hefst ekki á fyrirmæli frá foreldri.

Hegðun barns:

Æskileg hegðun er hegðun sem er viðeigandi í því samhengi sem hún kemur fyrir í. Til dæmis er jákvætt að barn syngi á meðan það er að teikna eða móðir þess eldar matinn en ekki þegar foreldrar eru að horfa á fréttir í sjónvarpinu.

Óæskileg hegðun er hegðun sem er óviðeigandi í því samhengi sem hún kemur fyrir í. Til dæmis barn sem vælir því það má ekki fá kekköku fyrir matinn, hendir mat á gólfið þegar það á að vera að borða, eða leikur sér þegar það á að vera að ganga frá.

Andfélagsleg hegðun er hegðun sem er hættuleg öðrum eða særir aðra á einhvern hátt, hegðun sem leiðir til skemmdarverka og virkar fráhrindandi á aðra. Til dæmis barn sem kastar leikfang í móður sína og kallar hana illum nöfnum því það má ekki fá kekköku fyrir matinn.

Viðbrögð foreldris:

Engin viðbrögð er þegar foreldri er ekki að fylgjast með barni, er að gera annað eða er í öðru herbergi og bregst því ekki við hegðun barnsins. Einungis á að merkja við í þennan reit ef að viðbrögð falla ekki undir óviðeigandi hunsun eða virka hunsun. Þetta getur átt sér stað ef hegðun barns stendur yfir í dágóða stund og foreldri umbunar eða refsar en fer svo að gera annað.

Umbun styrkir hegðun. Umbun getur verið hrós (“vel gert”, “duglegur”, “flott hjá þér”), athygli, bros, faðmlag, klapp, snerting. Slík umbun er félagsleg umbun en auk þess er hægt að veita efnislega umbun og fríðindi, til dæmis eftirrét, dót, horfa á sjónvarpið,

hjálpa til við að baka eða leika við foreldra. Hægt er að umbuna óæskilega hegðun og andfélagslega hegðun með undanlátsemi, athygli og félagslega umbun.

Óviðeigandi hunsun er þegar barn hegðar sér vel eða á viðeigandi hátt en hlýtur ekki umbun af neinu tagi, til dæmis barn sem sýnir foreldri vel unnið verkefni sem gert var í skólanum en foreldri sýnir engin viðbrögð eða beinir athyglinni að einhverju öðru.

En þetta getur líka átt við þegar barn sýnir óæskilega hegðun og foreldrar gera ekkert í því, þegar beita mætti vægri hegningu. Til dæmis þegar mamman og pabbinn sitja í stofunni og þau sjá bæði eldri bróðurinn slá yngri bróður sinn á eyrað en hvorugt þeirra skammar hann fyrir það eða nota aðra væga hegningu við árásargirni hans. Mamman segir við pabban “Ég vildi að þú hefðir betri stjórn á syni þínum” og pabbinn svarar “strákar verða alltaf strákar”

Virk hunsun er algjört viðbragðaleysi sem fylgir óviðeigandi hegðun sem er félagslega óviðeigandi en ekki hættuleg. Afleiðing hegðunarinnar er virk hunsun þar sem barnið fær enga athygli í skamma stund, það er ekki talað við það eða skammað, ekki haft augnsamband við það og snúið sér í burtu frá barninu þannig að foreldri þykist upptekið við eitthvað verk eða farið er út úr herberginu.

Væg hegning getur verið af ýmsum toga:

- Skammir og vanþóknun: “Mér líkar ekki þegar þú hlýðir ekki”.
- Eðlilegar afleiðingar: Eru ekki settar fram af til dæmis foreldri heldur er þetta eitthvað náttúrulegt: Til dæmis þegar barn hellir niður drykk og fær ekki ábót, stríðir kettinum og er klórað.
- Rökréttar afleiðingar: Barnið hjólar út á götu og fær ekki að hjóla í viku, tyggjó festist í húsgögnum, fötum eða hári og barnið fær ekki að fá tyggjó í fimm daga.
- Viðurlög: Barn slæst við systkini og má ekki fara í tölvuna það sem eftir er dagsins, blótar og verður að borga 50 króna sekt fyrir hvert blótsyrði.
- Hlé er þegar barn er tekið úr þeim styrkjandi aðstæðum sem það sýndi óæskilegu hegðunina og það sent afsíðis á leiðinlegan stað þar sem það fær enga athygli. Barnið ætti helst að vera farið í hlé innan tíu sekúnda frá því að óæskilega hegðunin birtist. Barnið á að vera í hléi í eina mínútu fyrir hvert aldursár.

Athugið að hæðni hefur refsandi áhrif á hegðun barna. Dæmi um hæðni er “loksins klárar þú þetta”, “það var mikið að...”, þegar ég var á þínum aldri gat ég/gerði ég þetta”, “nú? getur þú þetta þá?” og svo framvegis. Slík ummæli á ekki að flokka undir athygli, hrós eða aðra umbun.

Viðauki 3.

Upplýst samþykki

Ég undirrituð/aður samþykki hér með að taka þátt í rannsókn Hörpu Óskarsdóttur B.A. nema í sálfræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi hennar og ábyrgðarmaður verkefnisins er Dr. Z. Gabriela Sigurðardóttir (zuilma@hi.is), dósent í sálfræði við HÍ. Ég samþykki enn fremur að sækja námskeiðið "SOS! Hjálp fyrir foreldra" sem hefst um mánaðarmótin apríl/maí 2008, en þátttaka mín er forsenda þess að hægt verði að gera rannsóknina.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif þátttöku á námskeiðinu fyrir foreldra á hegðun barnanna. Rannsóknin felst í því að fylgst verður með börnunum inni á heimili fyrir, á meðan og eftir þátttöku foreldra á námskeiðinu.

Ég heimila að Harpa komi heim til mín áður en ég byrja á námskeiðinu fyrir foreldra, á meðan á námskeiðinu stendur og eftir að því lýkur, allt að fimm sinnum á hverju tímabili svo hún geti fylgst með mér og börnunum mínum meðan við erum heima við.

Ég leyfi að upplýsingar um mig og fjölskyldu mína, sem Harpa mun skrá niður, komi fram í lokaverkefni hennar við sálfræðiskor Háskóla Íslands en gögnin verða órekanleg til mín og þau verða algjörlega ópersónugreinanleg. Aðeins þeir sem koma að rannsókninni munu hafa aðgang að gögnunum og þau munu ekki vera notuð í öðrum tilgangi en hér stendur nema með mínu samþykki. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og samkvæmt lögum um meðferð persónuupplýsinga. Öllum gögnum verður eytt einu ári eftir að úrvinnslu lýkur. Unnið verður úr gögnum sem safnast og niðurstöður birtar í B.A. ritgerð sem varðveitt verður á þjóðarbókhöfundunni. Hugsanlegt er að nota niðurstöðurnar í grein til birtingar í fagtímariti og á ráðstefnum fagmanna.

Ég get haft samband við Hörpu (hao2@hi.is; sími 869-0906) eða leiðbeinanda hennar í netfangið zuilma@hi.is hvenær sem er ef mig vantar frekari upplýsingar um rannsóknina eða þátttöku mína í henni. Ég hef rétt á að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er án þess að það hafi neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir mig.

Staður og dagsetning

Nafn

kennitala